



## Umsögn til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Nýir körfuboltavellir í Mosfellsbæ

**Dags:** 21. nóvember 2022, uppfært 28. nóvember 2022

**Málsnúmer:** 202208649

**Starfsmenn:** Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar og Tómas Guðberg Gíslason, umhverfisstjóri.

---

### Umsögn:

Hugmyndasöfnun í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó fór fram dagana 11. mars til 6. apríl 2021. Þátttaka í hugmyndasöfnuninni var sem fyrr góð og fram komu 137 hugmyndir í gegnum vefinn Betra Ísland – Okkar Mosó og kosningarátttaka í Okkar Mosó 2021 var sem fyrr mjög góð.

Vinnuhópi innan Mosfellsbæjar þar sem voru fulltrúar umhverfissviðs, þjónustustöðvar og þjónustu- og samskiptadeildar var falið að vinna úr hugmyndunum og gera tillögu um verkefni sem kosið var á milli í íbúakosningu. Þessi sami hópur hefur unnið að verkefninu frá árinu 2017 í þrennum íbúakosningum og þróað verklagið áfram enda skapast ný þekking við hverja framkvæmd.

Við hugmyndasöfnunina komu fram nokkrar tillögur frá íbúum um endurbætur á körfuboltaaðstöðu í bænum. Engin þeirra tillagna lýsti sérstaklega ákveðinni gerð vallar, frágangi, stærð eða undirlagi enda komu fleiri en ein tillaga fram um körfuboltavelli. Þannig hljómaði t.d. ein tillaga frá íbúa var með eftirfarandi hætti: „Það þarf að gera almennilega körfuboltavelli við Lágafellsskóla og Varmárskóla með góðu undirlagi eins þekkest víða. Aðstaðan er orðin mjög lúin og tímabært að uppfæra á sem bestan hátt þar sem vellirnir eru mikið nýttir alla daga og öll kvöld.“ Vinnuhópurinn fór þá leið að samþætta framkomnar tillögur um körfuboltavelli sem er hefðbundið verlag í verkefnum sem þessum.

Vinnuhópurinn lagði meðal annars til að kosið yrði um tvo körfuboltavelli í íbúakosningunni annars vegar á lóð Varmárskóla og hins vegar á lóð Lágafellsskóla. Kostnaðarmat vinnuhópsins nam 4,5 m.kr. á hvorn völl fyrir sig, samtals 9 m.kr. Skilgreining vinnuhópsins á fullbúnum velli er völlur með körfum, mýkra undirlagi en malbiki, strikaður og afmarkaður á skólalóð.

Umræddir vellir eru hugsaðir fyrir almenning og til að fjölga möguleikum á heilnæmri hreyfingu á skólalóðum. Samkvæmt upplýsingum frá skólunum eru vellirnir notaðir og það meira en áður en vellirnir henta síður yngri börnum þar sem ekki er unnt að lækka körfurnar.

Tillaga um framkvæmd sem hefði falið í sér girðingar í kringum hvorn völl fyrir sig hefði ekki rúmast innan fjárveitinga í verkefninu Okkar Mosó 2021 sem í heild námu 35 m.kr. á tveggja ára tímabili. Kostnaður við afgirtan völl með tartan undirlagi, hita og hækkalegum körfum er um 40 til 45 m.kr. miðað við frumkönnun umhverfissviðs og upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum sem hafa reist slíka velli. Því er í raun um að ræða íþróttamannvirki sem ekki fellur að fjárhagsramma verkefnisins Okkar Mosó.

### Virðingarfyllst,

Arnar Jónsson,  
forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar

Tómas Guðberg Gíslason,  
umhverfisstjóri